



HEILSUEFLANDI leikskóli

Leikskólinn Strandheimar

Heilsueflandi starf tímabilið 2021 - 2022

Meginmarkmið heilsueflandi starfs Embættis landlæknis er að styðja sveitarfélög, skóla og vinnustaði í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra.

Heilsueflandi.is er rafrænt skráningarsvæði sem Embætti landlæknis leggur til fyrir starf Heilsueflandi samfélaga, skóla og vinnustaða. Tilgangur heilsueflandi.is er að auðvelda skráningu, mat á framvindu og miðlun upplýsinga um starfið. Þessi skýrsla er unnin sjálfkrafa úr þeim upplýsingum sem samfélagið/skólinn/vinnustaðurinn hefur skráð inn á sitt vinnusvæði á heilsueflandi.is.

Efni skýrslu:

- Grunnupplýsingar, stýrihópur og aðrir sem koma að starfinu.
- Fjöldi fundagerða.
- Stefna, framtíðarsýn.
- Áherslur þetta ár.
- Gátlistar, staða gátlista og allar upplýsingar og breytingar sem hafa verið gerðar á gátlistum og aðgerðaboxum þetta ár.
- Mælikvarðar, ef skráning liggur fyrir.

Athugið að innihald skýrslunnar er unnið úr þeim upplýsingum sem skráðar eru á vinnusvæði samfélagsins/skólans/vinnustaðarins þann 30. júní ár hvert.

Ef einhverjar athugasemdir eru við skýrsluna eða annað sem snýr að starfi Heilsueflandi samfélags, skóla eða vinnustaða, vinsamlegast komið þeim á framfæri við Embætti landlæknis, sjá netföng hér að neðan.

Heilsueflandi leikskóli: leikskolar@landlaeknir.is

Heilsueflandi grunnskóli: hgs@landlaeknir.is

Heilsueflandi framhaldsskóli: hef@landlaeknir.is

Heilsueflandi vinnustaður: hvinn@landlaeknir.is

Heilsueflandi samfélag: samfelag@landlaeknir.is

Stýrihópur

Leikskólastjóri	Birna Guðrún Jónsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri	Tinna Björg Kristinsdóttir
Deildarstjóri	Elín Heiða Þorsteinsdóttir
Starfsmaður leikskólans	Elísabet Ómarsdóttir
Matráður	Elfa Sandra Elfarsdóttir
Foreldri	Júlíana Tyrfingsdóttir
Foreldri	Nína Dóra Óskarsdóttir
Tengiliður	Katrín Vilhjálmisdóttir

Aðrir sem koma að starfinu

Leikskólastjóri	Birna Guðrún Jónsdóttir
Tengiliður	Katrín Vilhjálmisdóttir

Fjöldi fundargerða á árinu

5

Stefna

Leikskólinn Strandheimar hefur starfað eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur frá árinu 2012 þar sem markmiðið er að *stuðla að heilsuefningu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Öll börn ættu að alast upp við það að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi. Í heilsuleikskóla er heilsuefning höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, góð hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra.* (Heilsustefnan, 1995)

Áherslur þetta ár

Áherslur leikskólans Strandheima í heilsueflingarstarfi, skólaárið 2021 - 2022

Í upphafi skólaárs fór fram endurmat á starfsemi og stefnum Heilsuleikskólans Brimvers/Æskukots. Leikskólinn hefur undanfarinn áratug byggt starfsemi sína á Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, Grænfánaverkefninu *Skóli á grænni grein*, auk þess sem innleiðing Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis hófst árið 2018. Niðurstaða endurmatsins leiddi til að stofnaður var sérstakur faghópur um stefnumótun leikskólans sem hefur það að markmiði að samþætta starfsemi hans og stefnur. Faghópurinn gegnir einnig hlutverki stýrihóps Heilsueflandi leikskóla en í honum sitja: leikskólastjórnendur, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi starfsfólks, fulltrúi matráða, verkefnastjóri Grænfánans og tveir fulltrúar foreldra.

Snemma hausts kom Dána Gestsdóttir, fulltrúi Heilsueflandi samfélags hjá sveitarfélaginu Árborg og var með kynningarfund fyrir stjórnendateymi leikskólans. Hún veitti okkur ákveðinn leiðarvísi að því hvernig best væri að hefjast handa við að taka upp innleiðinguna Heilsueflandi leikskóla að nýju, en hún hefur legið í nokkurs konar dvala á tímum heimsfaraldurs. Ráðlagði hún okkur að byrja á gátlista tengdum starfsfólki, en grunnurinn að starfsemi skólans er jú í höndum þess. Sú ákvörðun að byrja á þeim gátlista var svo endanlega samþykkt á fyrsta fundi faghópsins og var það gert að aðal áherslu tímabilsins.

Starfsfólk

Markmiðið er að skapa ánægjulegt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk leikskólans og þannig stuðla að vellíðan þeirra í starfi. Vellíðan starfsfólks hefur áhrif á velferð barnanna og er hlutverk leikskólans að búa nemendum gott og öruggt umhverfi. Mikilvægt er að stjórnendur hlúi vel að starfsfólki sínu, taki eftir styrkleikum hvers og eins og finni leiðir til jákvæðrar styrkingar og þróunar.

Við útfyllingu gátlistans sáum við að ýmissa úrbóta var þörf og lögðumst við strax í áætlunargerð því tengdu. Þegar gátlistarnir voru yfirfærðir aftur nú á vorönn kom í ljós breyting til hins betra þó svo að fullnægjandi skori sé ekki enn náð, enda eru gátlistar þessir lifandi og breytilegir eftir aðstæðum.

Aðgerðaráætlun

Til að framfylgja þeim markmiðum sem leikskólinn hefur sett sér í að stuðla að vellíðan starfsfólks á vinnustað hafa stjórnendur leikskólans boðað starfsfólk í starfsmannasamtöl tvisvar sinnum yfir árið; eitt örviðtal að vetri og eitt lengra viðtal að vori. Gefst starfsfólki tími til undirbúnings fyrir samtölin og er það beðið um að velta fyrir sér spurningum er snúa m.a. að stjórnunarháttum, skipulagi og vellíðan á vinnustað. Niðurstaða samtalanna gefur skýra mynd á almenna ánægju starfsfólks í leikskólanum, það hefur svigrúm til ólíkra skoðanna og virðist lausnamiðuð hugsun og virðing einkenna samskipti innan vinnustaðarins. Það má því segja að leiðarljós leikskólans, *Vellíðan - Sköpun - Virðing*, eigi svo sannarlega vel við.

Í upphafi skólaárs fékk leikskólinn hana Steinunni I. Stefánsdóttur hjá Starfsleikni í

heimsókn á skipulagsdag, með erindi undir yfirskriftinni *Velliðan og virðing á vinnustað*. Erindið var í formi hópeflis og var mikil ánægja með hennar framlag.

Á skipulagsdögum hefur einnig gefist möguleiki á að starfsfólk fari saman út að borða og hefur hópurinn farið einu sinni á hvorri önn þetta skólaárið. Einnig eru svo kallaðar *sælustundir* á báðum starfsstöðum þar sem starfsfólk skiptist á að koma með veitingar á kaffistofuna ýmist hálfmánaðar- eða mánaðarlega.

Starfsmannafélag er starfrækt í Strandheimum. Er skemmtinefnd skipuð ár hvert með fulltrúum innan starfsmannahópsins. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja skemmtilega viðburði sem starfsfólki gefst kostur á að taka þátt í auk þess sem nefndin sér um kaup á gjöfum þegar kemur að merkilegum tímamót í einkalífi starfsfólks. Innkoma í skemmtisjóð er dregin af launum hvers starfsmanns og er valkvætt hvort starfsmaður gengur í starfsmannafélagið. Öllum starfsmönnum gefst kostur á að taka þátt í viðburðum á vegum starfsmannafélags, greiða þeir úr eigin vasa ef þeir eru ekki meðlimir í félaginu. Viðburðir sem skemmtinefndin stóð fyrir á skólaárinu 2021-2022 voru eftirfarandi:

- Bíókvöld í anda Halloween
- Litlu jól
- Spilakvöld
- Páskaegg til allra starfsmanna
- Óvissuferð að vori
- Árlegt sumargrill í Hallskoti á síðasta starfsdegi fyrir sumarleyfi

Það er markmið stjórnenda að skapa jákvætt, létt og lausnamiðað andrúmsloft og sýna starfsfólki þakklæti í orðum og gjörðum. Í ár hafa stjórnendur m.a.:

- Gefið starfsfólki jólagjafir
- Boðið starfsfólki út að borða á skipulagsdegi
- Boðið upp á símenntun og vettvangsferðir
- Stuðlað að jákvæðum samskiptum og upplýsingum í daglegu starfi, í morgunpóstum og í facebook-hópi starfsfólks
- Keypt inn uppbyggjandi og hvetjandi lestrarefni s.s. *Fiskurinn* eftir Stephen Lundin, Harry Paul og John Christensen
- Haft leiðir að velliðan og sjálfstyrkingu sýnilegar á kaffistofum
- Sótt um breytingu á nafni leikskólans, úr tveimur nöfnum í eitt, sem sameiningartákn fyrir eina heild
 - Komið var á fót nafnasamkeppni vorið 2022 þar sem hver sem er gat sent inn tillögur að nýju nafni leikskólans. Börn, foreldrar og starfsfólk tóku svo þátt í lýðræðislegri könnun um kosningu á nýju nafni og var það svo Fræðslunefnd Árborgar sem tók endandlega ákvörðun um hvaða nafn yrði fyrir valinu. Fræðslunefndin tók til greina niðurstöður kosningarinnar og varð nafnið Strandheimar fyrir valinu.
 - Nafnið Strandheimar er táknrænt fyrir leikskólann þar sem strandlengja tengir þorpin saman. Endingin -heimar tengir leikskólann einnig við fleiri starfandi leikskóla í Árborg, en alls eru 4 aðrir leikskólar sem bera þá endingu.
 - Starfsstöðvarnar tvær í Strandheimum bera þó áfram sín fyrri nöfn; Brimver á

Eyrbakka og Æskukot á Stokkseyri.

Leikskólinn tilheyrir sveitarfélaginu Árborg og er framlag þess til starfsfólks á árinu eftirfarandi:

- Jólagjafir
- Starfsmannakort sem veitir afslátt hjá hinum ýmsu þjónustuaðilum innan sveitarfélagsins
- Árshátíð að vori

Foreldrar nemenda hafa einnig tekið þátt í að stuðla að heilsuefningu og vellíðan starfsfólks og einkennist foreldrasamstarfið af jákvæðni og virðingu. Foreldrar eru duglegir við að sýna þakklæti í orðum og gjörðum og sýna kannanir einnig að mikil ánægja er meðal þeirra með starf leikskólans.


Í leikskólanum er starfsfólk í fríu fæði og er matráður á hvorri starfsstöð sem eldar hollan og góðan mat af matseðli sem samsettur er af næringarfræðingum á vegum Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Þannig stuðlar leikskólinn að hollri næringu fyrir stóra sem smáa.

Starfsfólk leikskólans nýtir nánasta umhverfi til útiveru og gönguferða með nemendahópa sína og fær þannig heilsuefningu í forni geðræktar og hreyfingu.

Áframhaldandi áherslur

Leikskólinn Strandheimar mun áfram leggja áherslu á *starfsfólk* sitt og líðan þess í starfi og er markmiðið að bæta við grunnþættinum *geðrækt* í því samhengi á næsta skólaári.

Heildarstaða Gátlista



Í gátlistum koma fram viðmið sem unnið er með til að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra. Gátlistar geta innihaldið mismunandi mörg viðmið.


Í gátlistum er staðan metin fyrir hvert viðmið. Merkt er við kvarða sem getur tekið gildi á bilinu 1-5. Fyrir hvert gildi fæst tiltekin prósentutala:

- 1 = Ekki komið til framkvæmda (0%)
- 2 = Að litlu leyti komið til framkvæmda (25%)
- 3 = Að hluta komið til framkvæmda (50%)
- 4 = Að miklu leyti komið til framkvæmda (75%)
- 5 = Að fullu komið til framkvæmda (100%)


Heildarstaða hvers gátlista, sem kemur fram í línuritum hér á eftir, er prósentutala sem er meðaltal. Það er reiknað með því að leggja saman prósentutölurnar fyrir hvert og eitt viðmið í listanum og deila með heildarfjölda viðmiða í listanum. Þegar öll viðmið í gátlista eru að fullu komin til framkvæmda er heildarstaða gátlistans 100%.

Gátlistar


Hreyfing




Mataræði




Geðrækt




Öryggi



Fjölskylda




Starfsfólk




Mælikvarðar

Foreldrar sem eru mjög ánægðir með leikskóla barnsins síns (foreldrakannanir)



Starfsánægja (á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi + mér líður vel í vinnunni) (starfsmannakannanir)



**Hlutfall barna (á viðeigandi aldri) sem uppfyllir
aldurssamsvarandi hljóðkerfis- og málvitund samkvæmt
HLJÓM 2/TRAS eða öðru viðurkenndu mælitæki**

